

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2012****2012/EES/56/12****frá 15. júní 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlíður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 85/337/EBE), lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB), lið 13ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB), lið 19a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB) og lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006):
„– **32009 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32009 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21as (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009):
„21at. **32009 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/31/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.